

GENGIS MUNUR

Ljóð úr
skýrslu
rannsóknar-
nefndar
alþingis

JÓN ÖRN
LOÐMFJÖRÐ

GENGISMUNUR

GENGISMUNUR

LJÓÐ ÚR SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS

eftir Jón Örn Loðmfjörð

þúhú

Gengismunur

Ljóð úr skýrslu rannsóknarnefndar alþingis

© Jón Örn Loðmfjörð 2010

Hönnun kápu: Fanney Sizemore

Umbrot: Ólafur Sindri Ólafsson

Prófarkalestur: Arngrímur Vídalín

Orð í meginmáli: Rannsóknarnefnd Alþingis

Prentun: Leturprent

Nýhil, Reykjavík 2010

Allur réttur á skelin.

Bók þessa má afrita af mönnum með hagfræðikunnáttu.

ISBN: 978-9935-413-07-9

Nýhil er hluti af feðraveldinu

.....

Formáli

Í bara sem búið ljóð; – sem um úr í ætti því mist.“

*„The great skies are open. Supreme bugle burning
flesh children to mist.“*

- William Burroughs

Í allan þann tíma sem ég hef vitað af tilvist Jóns Arnar Loðmfjörðs, hefur hann verið að beita tölvutækninni á ljóðlist. Það hefur verið á gamla Rósenberg, nokkrum árum áður en það brann, á ljóðasamkomu sem hann stóð fyrir í félagi við Sölva Úlfsson, sem ég prófaði fyrst sjálfur þá tegund framúrstefnuaðferða sem hann hefur sérhæft sig í, en það er handahófskennd endurröðun og samhræringur orða og texta. Þeir félagarnir voru þarna með tölvu, prentara, marga texta sem gestir áttu að velja úr og forrit til að blanda textunum saman. Mig minnir að ég hafi fyrst valið ljóð eftir Baudelaire á frummálinu, Sonatorrek og söngtexta með sveitaballabandinu Írafári eða eitthvað álíka handahófs-

kennt og ósamstætt. Útkoman úr þeim tiltekna kokteil varð auðvitað bara tómtruglumbull en það skiptir ekki höfuðmáli. Mörg instant ljóð voru lesin upp þetta kvöld, sum algjör grautur eins og mitt, önnur fyndin og skemmtileg og jafnvel með leiftrum af ljóðrænu inni á milli.

Hin svokallaða klippiaðferð, collage rithöfundanna, er að sjálfsögðu ekki splúnkuný; flestir hafa heyrt af því að dada-istinn Tristan Tzara klippti sonnettur Shakespeares niður í litla miða, lét miðana í hatt og dró þá svo upp aftur af handa-hófi og raðaði þeim í ný ljóð; William Burroughs og félagi hans Brion Gysin skrifuðu heilar bækur með þessum hætti, beittu skærunum á fullskrifadar blaðsíður, röðuðu bútonum upp á nýtt og bræddu saman skrif úr ýmsum áttum í þeirri von að ljúka upp nýjum víddum í textunum, detta niður á óvæntar opinberanir. Hið óráðgerða, slysið, getur verið einn besti vinur listamanna í öllum greinum. Og hvaða verkfæri gæti hentað betur til framköllunar á óvæntum opinberunum en tölvan? Ein tölva er eins og milljón skæri.

Klippiaðferðin er orðin háþrúð og vinsæl sem aldrei fyrr í framúrstefnukreðsum um víða veröld þökk sé tölvunum. Hin neikvæða birtingarmynd þessara tæknimöguleika eru vitaskuld ruslpóstar fullir af orðafarsi. Jákvæða hlið hennar er listsköpunin. Menn eins og Jón Örn búa til forrit sem á ensku nefnast travesty generators og við gætum kallað skrípaþjarka (hey, ég sagðist aldrei vera neinn Hallgrímsson), sem geta malað og malað daginn út og inn, klippt og límt, klippt og límt. Jón Örn hefur ekki viljað senda frá sér bækur með frumortum ljóðum fram til þessa, en hann hefur hins vegar búið til ófáar ljóðavélar sem fara létt með að fylla

slatta af ljóðabókum á stuttum tíma. Margt af því sem vélarnar ryðja úr sér er auðvitað ekki merkilegt – jafnvel mætti kalla það rusl – en þá vaknar spurning: er eitthvað sérstaklega mikið varið í þær íslensku ljóðabækur með frumortu efni sem hafa komið út síðustu tíu, fimmtán árin eða svo? Eru þær almennt eitthvað sérstaklega vandaðar eða áhrifamiklar? Eða frumlegar?

Svarið er að þær eru mjög misjafnar. Mörg góð íslensk skáld senda frá sér góðar bækur, mikil ósköp, en það er ekki ósanngjarnt að segja að eftir módernísku formbyltinguna og tilkomu atómskáldanna hafi almennt orðið talsverð stöðnun í ljóðaskrifum, þó vissulega með nokkrum frábærum undantekningum (Ísaki Harðarsyni og Antoni Helga Jóns syni, til dæmis). Síðan við Jón Örn og annað fólk á okkar aldri komum í heiminn hafa atómljóðin – eða eitthvað sem líkist þeim, órímaðar, óstuðlaðar línur, oft um ástársorg – hrannast upp með fyrirsjáanlegum myndlíkingum á fyrirsjáanlegar myndlíkingar ofan. Stundum er þar á ferð skáldskapur sem er vel meðhöndlaður en hljómar því miður eins og bergmál frá Steini Steinarri eða Stefáni Herði.

Og oft er það beinlínis vondur, vandræðalegur samtíningur klisja sem raðast einhvern veginn og einhvern veginn á blaðsíðuna. Við erum föst í greipum alþjóðlega fríljóðsins – engar reglur, en heldur engar kröfur og stundum enginn metnaður heldur. Aðrir hafa skammast yfir þessu í lengra máli annars staðar, en það sem ég vildi sagt hafa er þetta: Ef einhver vill yrkja ljóð en ákveður að gera það ekki heldur búa bara frekar til forrit sem endurvinnur gamla texta án afláts, þá má reikna með að það sé ekki bara eitthvert flipp heldur

lýsi það e.t.v. líka ákveðnu óþoli gagnvart ljóðumhverfinu. Margt af því fólki sem hefur birt ljóð eftir sig á prenti ætti að hugsa sig vel og vandlega um áður en það lýsir frati á afrakstur ljóðavélanna.

Efniviðurinn sem nýjasti skrípaþjarkur Jóns vinnur úr, sjálf skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, er metsöluverk og samtímaklassík. Á skömmum tíma er skýrslan orðin algjörlega miðlæg í allri opinberri umræðu og þétt samstaða hefur myndast um að hún sé afrek sem á sér varla hliðstæðu. Hún er orðin kanónísk, á vissan hátt kannski örlítið eins og Shakespeare var í augum Tzara. Látið er með hana nánast eins og sjálft Guðs orð sé í hana ritað. Það þarf því ekki að koma á óvart að einhver skuli hafa viljað atast í henni, toga hana niður á jörðina, en aftur býr hér meira að baki en ærslin ein. Við hvað er átt þegar sagt er að skýrslan sé uppgjör við góðæristímenn? Að héðan í frá ætlum við að halda áfram að búa við kapitalisma, en þó ekki jafn snartrylltan öfgakapitalisma og viðgekkst í góðærinu og dæma verstu peningafríkin í fangelsi? Eða að við ætlum að hætta að skipta gæðunum ójafnt? Annað af þessu er líklegra en hitt.

Róttæk pólitík og róttæk list fylgdust að í upphafi tuttugustu aldar og allt þar til Stalín gerði sósíalrealismann með öllu sínu proletkulti að hinni opinberu vinstri-list. Á sjöunda og áttunda áratugnum rann þetta tvennt aftur saman og hugsjónafólk sem vildi bæði bylta auðvaldsskipulaginu og þróa fagurfræðina arfleiddi okkur að fjölda góðra verka. Það virðist hafa verið minna um slíkt hugsjónafólk eftir að Thatcher og Reagan komust til valda og innleiddu að fullu sálfræði neysluhyggjunnar í stjórn málin, og Hannes

Hólmsteinn og aðrir unnendur frelsis hinna efnameiri til að hrækja í andlit venjulegs fólks fóru að miðla hingað nýjustu guðspjöllum mannvonskunnar. En því er að fjölga aftur. Mér sýnist það. Ég leyfi mér að vona það.

Með þessum sambræðingi sínum á rannsóknarskýrslunni og nokkrum vel völdum ljóðaperlum síðnútímans nær Jón Örn höggi á hvort tveggja í senn, borgaralegt íslenskt samfélag sem er kannski ekkert alltof áfjád í að gera upp Mont Pelerin-spekina, og staðnaða íslenska ljóðmenningu. Með bros – eða hæðnisglott – á vör. Því þótt Jón sé harður byltingarsinni þá veit hann alveg að húmorinn getur verið með beittari vopnum. Einmitt vegna þess að hagkvæmniskrafan gegnsýrir allt mannlegt samfélag þá borgar það sig að taka Man Ray sér til fyrirmyndar og reyna að hafa gaman af þessu. Framúrstefna ætti að vera skemmtileg. Byltingin er líka í leiknum. „Why so serious?“

Kári Páll Óskarsson



Gengismunur

Ljóð eftir Jón Örn Loðmförð

enginn heyrir formlegt
eignarhald

enginn heyrir eigið lán

eins og mynd í sjálfskuldarábyrgð
sést viðskiptavinurinn
eins og atorka í endurskoðun
tengist sparisjóðabankinn

nauðasamningar mega allt
svona innlendir
greiðslur eru annað mál

ég ætla að koma við viðskiptavininn
sem heldur á lántökunum
í fundargerð móðurfélaganna
í endanlegri skuldastöðu lánanna

enginn heyrir mitt
efnahagsástand

enginn heyrir eigið
samþykki

skipulagið er þó nokkuð ljóst

þú sem ert með skuldastöðu
í fjármálaeftirlitinu
og víðáttum pennans
stétt undir vaxtaafborgunum:
við innlánin verða punktar lánaðir
með sérstaka þagnarskyldu á fæti

undir fundi tekur árið túlkun
undir apríl tekur hagkerfið áhættu
í miklu ljósi með umfangsmikil útlán
marktækir samningar vakandi bankar
og klukkan horfir yfir þínum starfsskyldum

ég sé í gegnum þig kafla að söluferlinu
skýrsla fjárfestingabanki stærð milljarður
ég er eina fjárhagslega álitamálið
sem hefur verið kynnt
ég er eina náttúrlega haustið
sem hefur verið

undir baugi
tekur fjármálaeftirlitið upphæðum
í opnum samningum vaka askar
er aumkvast yfir þínum aflaheimildum

eina ríflega vaxtaálagið
undir fjárfesti
tekur í kjölfarið hönd
í grófum viðmiðunarvöxtum
yfir þínum skuldatryggingum

í mynd laganna
í hálfri hönd bréfanna
í aukinni fjármögnun
fjármálafyrirtækja
birtist bankinn

í lausfjárgnótt kaupanna
í ofangreindri einkavæðingu bréfanna
heyrir enginn líklegt samþykki

eigendur mega allt,
svona stórir
stórar eignir
eru annað mál

borgið mig!
flæðiritið mig!
þekkið mig!
fjármálaeftirlitið mig!

ekki útibú
ekki markmið
ekki félög
ekki viðskipti

nei

heyri bein
millilagslán
í illum

megindráttum

ég sé í gegnum þig
viðskiptajöfnuður
lækkun sparisjóðabanka
aukning meirihlutaaðila
sjálfskuldarábyrgð mín sjálfs

enginn hefur framvirkt lán

ég ætla að leysa gjörninginn
sem heldur á verslanakeðjunum
ég ætla að ítreka við stöðugleikann

í skuldaaukningu hlutabréfanna
í mögulegri vaxtagreiðslu veðanna
í áhrifalausum seðlabönkum

vaka milljarðar
og upphæðin aumkvast
yfir þínum krónum

gengismunur vill
gera uppruna yfir
umhverfi
í mynd laganna
í hálfri hönd bréfanna
eins og fundargerð
í sýndarfléttu

félagið er skráð
skráð eins og
lánaþingreiðsla
mín sjálfs

en aðalfræðingurinn
er eins og yfirtökutilboð
í almennu andvirði
með fjárhagsleg vandamál

hvar eru samningar þínir
ég ætla að hækka við staðinn
sem heldur á veðköllunum
í rannsóknarnefnd eystrasaltslandanna
í grófum viðmiðunarvöxtum
er eina skekka árið
sem hefur byrjað

undir tilgangi
tekur tjónið verðmætarýrnun
ég sé klaka þess í uppsveiflunni
í hraðfrystistöð fjármálafyrirtækjanna
milljarðar svona illseljanlegir

hvers vegna ég sé
veit bankinn ekki
enginn heyrir eigið
bank

í veikri framkvæmd
hlutabréfanna
verða samningar stöðvaðir
með mögulega skilgreiningu
á einhverjum tímapunkti

við tengslin verða punktar búnir
með hömlulausa fyrirgreiðslu
á mæli
virðist eins og samanburðurinn
var innifalinn
í framvirkum skuldatryggingarsamningum
bíða neytendur
undir ársfjórðungi

undir ársfjórðungi
tekur hrunið vaxtaákvörðun
meira eignarhald

eins og hagnaður sem var orðinn
í straumborg móðurfélaganna
í ráðandi úttekt kaupanna
í uppsöfnuðum skammtímaskuldbindingum
vaka samsonar

meirihluti vill
hafa baug yfir
fyrirtækjaskuldabréfum
burðarás fyrir
skuldaskeytingu
raunvöxtur vill
undirrita veg yfir
afskriftarreikningum
í almennu andvirði
með fjárhagsleg vandamál
með skýrslu í tímabilinu
takmarkast lántakandinn

ríkið samrýmist bankanum
ég sé kjölfestuhlut þess
í aukinni skýrslutöku laganna
og hvernig hann stendur
í kynningarefni með mörgum tilboðum

stóriðjuverkefnið mig
af þessari mánaðarlegu fjárhæð
í íslenskum félögum vaka sölusamningar
og síldarvinnslan aumkvast yfir þínum
milljónum
þínir kennitölulistar og fjárfestingarfélög
yndi krónunnar

heildarskuld er nokkuð
afborgunartengd
kúlulán er nokkuð ljóst
í raun kaupanna

lán er nokkuð eðlilegt
þó enginn heyri eigið lán
enginn heyrir íslenskt
minnisblað

gafi yfir árinu
eins og dagsetning í ráðstöfun
lokast viðskiptavinur
í fyrirtækjaráðgjöf fjármálafyrirtækjanna
í lágri stjórn kaupanna
veit viðskiptavinur ekki

undir þá eiginleika
tekur valdið greiningu
á reglunum

straumur vill
líta invest yfir
fons

ég ætla að snúa við gengisfarveginum
sem heldur á tryggingunum
ég ætla að vera við sandinn
sem heldur á verslunarkerðjunum

olíufélagið kemst að
sparisjóðabankanum
ég sé hlut þess
í eigninni
og hvernig það sér

undir árshlutareikningi
tekur eignarhaldsfélagið skuldbindingu
á nauðungaruppboði um miðja vikuna
með skuldsetningu í árinu

við kaupin verða
allir samningar
stöðvaðir
með mikilli áhættu

við veðlánin verða
hluthafar tengdir
með erlenda skilgreiningu
á tímanum

enginn heyrir eigið
fall

enginn heyrir greitt ríkisfang
eins og höfuðstólstrygging mín sjálfs
sést hagnaður sem var orðinn
eins og klettháls í láninu
erfði fjárfestingabanki
allt

menn mega allt
svona tengdir
evrur eru annað mál

ég ætla að deila við bóginn
sem heldur á reglunum
í marktækum samningum

borgið mig!
málið mig!
þekkið mig!
lánið mig!

ég ætla að staldra
við óstöðugleikann
við jöklabréfin verða
milljarðar stöðvaðir
undir lánanefndarfundi
þar sem sumarið
tekur skuldsetningu

eiginfjárframlagið
er dæmigert
lántakandinn er
eins og haustið
eina moderna haustið
sem hefur fallið

eins og rannsóknarnefnd
undir rannsókn grundvallast
fjárfestirinn
í miðju fyrirtæki með
minnkandi sjónarmið

við tengslin verða
efnahagsreikningar kynntir
stétt undir bókunum

ég sé

hlutabréfamarkað
í lánveitingunni

ég sé
byr hans í
samstæðunni

og hvernig hann

endar

í þeirra óeðlilegu mynd
við mörkin

verða hlutir opnaðir
með viðamikla áhættu
í sparisjóði

eftirlitið sest
að í bankanum
ég sé fjölda þess
í umfangsminni
flokkun

á virðisaukaskatti

undir nóvember
tekur árið lokun
í vaxandi milljörðum vaka vextir
og hækkunin aumkvast yfir þínum áhættum

eina tekjufæra eignarhaldsfélagið
undir áhættuskuldbindingum
tekur fjármögnun
í mögulegri vaxtagreiðslu veðanna
yfir þínum skuldatryggingum

tapið er einfalt
ég sé
hluta þess í
kúrfunni

frá markaði
til vegar

yfir þínum
heimildum

í sjálfsögðu kaupþingi
með gjaldfallin móðurfélög

yndi vísitölunnar

ekki félög

ekki tilboð

ekki lán

ekki stjórnunartengsl

nei

heyri þröngt

eiginfjárlutfall

í lánastarfseminni

heyri meira

eignarhald

í sérhæfðum landbúnaði
í ásættanlegu andvirði
með óskráð veð í

fjárfestingarfélaginu

ég ætla að staldra aftur
við óstöðugleikann
við neyðarlögin
frá veikleika
til janúar
þegar eftirspurn
tekur stjórn

í dönskum eignarhlutum
í svissneskum aðilum
vaka innistæðueigendur
í útistandandi tölvubréfi
með dollar-denominated
yfirtökutilboði

lántakandinn sýnir
eins og hljóðið
að haglífið er lítið
eins og tryggingaþekja
mín sjálfs

samhengið er nokkuð meira

við veðlánin verða
aðilar tengdir
með útistandandi
heimild á gjalddaga

lánið felst að bankanum
í evrópskum bílaleigubílum
í erlendum alþjóðasamningum
með sameiginlega hönd
á eiginfjárgrunni

í skýrslu hlutabréfanna
í nettó útgáfu veðlánanna
í kallaðri útgáfu hótelanna
tekur tímabilið reynslu
dagurinn virðist eins og
evra í kynningu
í hraðri þátttöku
fjármálafyrirtækjanna
og skýrist allur
eins og kafli sem var búinn

sjóðurinn er eins og vorið
bráðum er betri niðurgreiðsla
með skuldabréf í eiginfjárgrunni
sætra hollenskra sparisjóða

fjármálaeftirlitið eins og skessa
hagnaður lagði reksturinn
með inngripi verða vextir ábyrgðir
með óbeinni ákvörðunartöku á fundi
með sérstakri tengingu
á fasteignaveðlánamarkaði
þú sem skoðar með tilskipun í tímabilinu
og víðáttum viðskiptahallans
eins og breyting í langtímafjármögnun
heyrir enn ekki formlegt eignarhald

enginn sér
reyndar tekjur
eins og samkeppnisaðili
sem er búinn

reksturinn grettir sig
eins og bankakerfið
í norðurhlíð kaupanna

group er land þitt,
og ávallt þú skoðar
primus með blikandi
ehf. skuldatryggingarálag

í miðju veðkalli með
svipuð námuréttindi

eitt eilífðar veð
með virkan aðila
sem sér lántakanda sinn
og deyr

árið er áhættulaust
í tafla veðanna
djúpt djúpt
í tilteknu fylgiskjali
er lausafjárstaða bankans

þungt er haustið
yfir okkur formlegt og ljóst
í miðju heimalandi með
skuldsett skuldabréf
danskan smáragarð
með óbeina gagnrýni
á skilning

Þungt er hagnaðarþátttökulánið
yfir okkur óumdeilt og glögg
sést gjaldþrot skemmunnar

þungt rennur árið
yfir okkur þétt
rétt fyrir skýrslutöku

innri lögmaður er fyrir
starfsmaður er fyrir

fyrirgreiðslu

bundinn lánveitandi
verður fyrir

ágúst er fyrir um leið

stór viðskiptamaður
svarar fyrir
fiskisögu

í miklu ljósi með
umfangsmikil útlán
með óheilbrigð
árslok

í grófum viðmiðunarvöxtum
standa tekjufær eignarhaldsfélög
og óádregin taka yfir þínar fyrirgreiðslur

.....

Eftirmáli

Um aðdraganda og orsakir útgáfu bókarinnar 2010

*Þar sem ég sit í horninu
fellur skugginn af mér
á blaðið*

*Ljósið er á veggnum
aftan við mig*

*Vil ekki að skugginn
komi á blaðið*

*skugginn af sjálfum mér
þegar ég skrifa*

(úr ljóðinu Skugginn eftir Sigurð Pálsson)

LÖGBUNDIN UPPHAFSVELGJA UM ATHÖFNINA AÐ SKRIFA

Ég held að það sé ekki óvarlegt að áætla að ljóðabækur séu að mestu auðar blaðsíður. Skuggi af frumriti sem er oftast ekki tóm moleskinebók, minning um nojaðan penna sem þorir varla að hreyfa sig af óttanum við orð, greinarmerki og línuskiptingar. Það skiptir engu máli hvaða verkfæri skáldið notar. Alltaf koma út hálfótmar blaðsíður. Blýantur, penni, ritvél, tölva. Alltaf hálfótmar blaðsíður.

Það er samt allt annar raunveruleiki að skrifa á tölvu en á blað. Blaðsíðan er aldrei alveg auð. Það er blikkandi bendill, opnir facebookgluggar, heill heimur að twittera, gengisbreytingar, fréttir af átökum og öðru hvoru æpir tölvan að það verði að sækja nýja kerfisuppfærslu. Hvorki nýjar línur né að láta orðin hverfa kostar jafnmikil átök og áður – núna skiptir öllu að reyna að halda athyglinni.

*Heilar kynslóðir á undan mér skeggræddu
um hvernig verkfæri búa til stéttaskiptingu
Ég hef þó meiri áhuga á að vita hvernig
verkfæri breyta hugsun okkar.*

*Fyrir mörgum er raftónlist einhæf
raftónlistarmenn vinna í töflureiknum
hljóðin eru merkt inn í reiti sem smellpassa
upp á millisekúndu*

*Fara þeir að hugsa eins og verkfærin?
Eiga verkfærin hlut í sköpuninni?*

(úr ljóðinu Verkfæri eftir sjálfan mig)

TÖLVA SEM VERKFÆRI

Í ljóðinu *Verkfæri* lýsi ég því hvernig ljóðskáld getur ómögulega búið til konkretljóð. Það er með einhverja óljósa mynd í hausnum af ljóði sem það getur ekki komið frá sér í Microsoft Word. Það er búið að prufa að ýta margsinnis á enter, bilstöng og tab en ekkert virkar

„*Hvað ertu að gera?*”

spur

ði ég

„

Ég

er

að

b

ú

a

til konkret ljóð – þ

að

er b

a

r

a

ekki hægt!”

*(úr ljóðinu *Verkfæri* eftir sjálfan mig)*

Það er ekki auðvelt að koma með eitthvað „óvenjulegt“ í Microsoft Word.

Ef ég ýti á hnappa af handahófi á tölvunni, skrifar ritvinnsluforritið mitt frá vinstri til hægri, fer í næstu línu ef

Þess þarf, fer á næstu síðu ef þess þarf. Þetta er sjálfvirkt ferli, nema ég get ýtt á ENTER takkann og þóst hafa rofið ferlið. Fyrir mig, sem var neyddur til að skrifa í línustrikaðar bækur með reglustiku við höndina, þar sem ég gat ekki lært að skrifa beint, er einkennilegt að geta ekki brugðið frá reglunni óvart, ekki einu sinni með því að lyfta pennanum eða færa blaðið til. Það kostar átök að fá Microsoft Word til að gera eitthvað annað en það sem er rétt.

AF SLYSUM OG SKAPANDI VILLUM

Það má ekki vanmeta sköpunina sem felst í því að gera hlutina óvart. Sjá hvað gerist þegar gula málningin í sólinni blandast bláu málningunni í himninum. Fá yfir myndina sína slettur frá penslum annarra, matvæli, kaffibletti. Að komast að einhverju áhugaverðu eða sniðugu fyrir slysi en ekki eftir vel ígrundað ferli.

Allt þetta gerist ekki eins auðveldlega í tölvu, sem er forrituð til að fylgja ferlinu. Þess vegna getur það orðið að leik að leita uppi kringumstæður þar sem tölvan bregst óvænt við. Segja henni að myndir séu hljóðskrár og heyra hvort suðið sé ekki áhugavert. Búa til forrit sem eyðileggja önnur forrit af handahófi, sjá hvað klikkar og hvernig. Rífa auglýsingapésa í litla búta og troða þeim í hraðbanka, sjá hvort pappírinn festist ekki í vélinni.

Í júlí 2006 kynnti Microsoft til sögunnar raddgreini, sem hluta af nýrri útgáfu Windows (Vista). Starfsmaður hugbúnaðarfyrirtækisins segir í míkrofóninn:

Dear mom comma... fix aunt... delete that...

*delete that... delete that... I think it's picking
up a little bit of echo here... delete... select all*

Tölván skrifaði inn í opinn ritvinnsluglugga:

Dear aunt, let's set so double the killer delete select all

Fyrir skrifstofublókir þýða svona villur minni afköst, og ef enginn gerir ráð fyrir því að hugbúnaðurinn skili stundum af sér frumlegum lausnum getur það kostað fyrirtækið eða stofnunina mikla fjármuni að leiðrétta tilbúning tölvunnar. Ein sniðug túlkun hugbúnaðar á núllum, kómmum og punktum getur leitt af sér allsherjar ringulreið á Wall Street. Sjötta maí 2010 fór Dow Jones vísitalan niður á tímabili um þúsund punkta við að aukanúll slæddist inní hugbúnað eins fjárfestis sem fékk hundruði annarra forrita til að selja átómatískt til að minnka fjárhagslegan skaða eigenda sinna.

HAH! Það er svo áhugavert að sjá tölvu óvart hætta að vera verkfæri og byrja að skapa (þrátt fyrir að það sé í raun villa). Setja næmni míkrafónsins í botn og sofa með hann í fanginu. Leyfa umli, hrotum og orðum sofandi manns að verða að ljóði daginn eftir. Ekki kannski góðu ljóði en samt einhverju nýju og spennandi úr einhverju sem flestir telja óáhugavert (þó ég eigi það til að halda sniðugar ræður upp úr svefni). Að vera ekki einungis meðvitaður um hlutverk tölvunnar í sköpun (takmarkanir hennar og hvernig hún sem verkfæri hefur áhrif á hugsun) heldur að leyfa henni að taka fullan þátt.

FERLIÐ Á BAKVIÐ GENGISMUN

Öll orðin í bókinni koma úr útúrsnúningi tölvuforrita á ljóðum og skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Ekki misskilja mig, ég er ekki að reyna að firra mig ábyrgð á verkinu. Ég skrifaði hvert einasta orð í þessari bók. Ég afritaði hvert einasta orð í bókinni upp eftir tölvuforritunum. Án minnar íhlutunar hefði þessi bók ekki orðið til.

Fyrst skrifaði ég lítinn hugbúnað sem tók allar setningar úr öllum bindum skýrslunnar og leiddi þær eina af annarri í gegnum textamörkun tungutorg.is.¹ Textamörkunin er alls ekki fullkomin og gerði ég engar tilraunir til að leiðrétta villurnar – ekki eina einustu. Sagnorð sem urðu að nafnorðum fengu að vera nafnorð og nafnorð sem urðu að lýsingarorðum fengu það. Föll, kyn – allt gat þetta orðið vitlaust sökum rangrar greiningar hjá tungutorg.is eða einhvers konar galla í flýtiforritun minni. Það skilar sér þó öðru hvoru í skemmtilegum setningum sem ekki hefðu getað orðið til með réttri greiningu.

Því næst skrifaði ég um það bil sextíu skapalón, sem stældu ýmsar ljóðlínur sem ég hafði við höndina. Hér er til dæmis brot úr einu:

*(nafnorð karlkyn eintölu nefnifall greinir) er eins
og (nafnorð hvorugkyn eintölu nefnifall greinir)*

Ég bjó til einfalda ljóðavél (<http://skyrsla.fict.is>) sem tróð orðum í einhver af þessum skapalónum, þ.e.a.s. svigunum er skipt út fyrir orð sem uppfylla skilgreininguna innan svigans,

¹ Orð í textanum eru greind í orðflokka og beygingarmyndir.

og gaf nokkrum vinum mínum aðgang að sérstakri útgáfu vélarinnar svo þeir gætu merkt við erindi sem þeim þóttu skemmtileg. Þetta skilaði mér um það bil hundrað blaðsíðum af texta. Ég bjó svo til á sama tíma nokkrar aðrar vélar sem bjuggu til texta með öðrum aðferðum (sem þó tekur ekki að tíunda hér) sem skiluðu mér enn fleiri blaðsíðum.

Í lokin reyndi ég að velja erindi og setja saman fallega búta. Sú vinna var sú minnst skipulagða í ferlinu öllu. Ég fletti í gegnum textann af handahófi og stoppaði við línur sem gripu mig en reyndi þó að sleppa þeim sem höfðu of augljósa merkingu – það er enginn tilgangur í að ganga í gegnum þetta vinnuferli til þess eins að endurskapa leiðinlegan moggabloggara.

Ég hélt áfram þar til ég var kominn með tugi blaðsíðna af tölvuljóðlínunum. Þá skipti ég fyrstu sjö blaðsíðum uppkastsins niður í erindi og var þá kominn með fullgert handrit sem varð að þessari bók.

Jón Örn Loðmfjörð

.....

Viðauki I

Hrunið sem listaverk

Eins og frægt er orðið sagði tónskáldið Stockhausen að ellefti september væri mesta listaverk allra tíma. Damien Hirst fylgdi í kjölfarið og líkti árásinni á turnana við magnað sjónverk sem hefði á svipstundu gjörbreytt myndmáli samtímans, eitthvað sem alla listamenn dreymir um að afreka. Það var þá. Nú er ellefti september bara ódýr vísun í amerískum lögregluþáttum.

Ég er sannfærður um að innan örfárra ára verði banka-hrunið orðið kitsch líkt og ellefti september er nú, ef það er þá ekki orðið þannig nú þegar. Túristar á Laugavegi munu kaupa brot úr IceSave-krúsum, íslenskar melankólískar kvikmyndir fara að fjalla um sífjaspell bankastarfsmanna en ekki landsbyggðarfólks og forseti lýðveldisins vísar reglulega í atburði í kjölfar efnahagshrunsins 2008 til marks um samstöðuna, kraftinn sem býr í Íslendingum og íslenskri náttúru.

Hrunið hafði líka áhrif á myndmál auglýsinga. SS

pylsur voru merktar íslenska fánanum til að sýna og hvetja til samstöðu meðal þjóðarinnar og í framhaldinu ætlar forsætisráðuneytið að rýmka lög um notkun fánans til að selja skyr uppstrílað í útlöndum. N1 skipti út landvættunum fyrir venjulegt fólk og skjaldamerkinu fyrir merki fyrirtækisins. Hér hefðu ef til vill flestar þjóðir reynt í framhaldinu að endurlífga gamlar frelsishetjur en þær íslensku þóttu sem betur fer ekki nógu merkilegar, þó að fyrirtækið Vörður hafi gert afskaplega misheppnaða tilraun með auglýsingaherferð. Þar mátti meðal annars sjá þjónustufulltrúa fyrirtækisins gefa Jónasi Hallgrímssyni hugmyndina að ljóðinu Ég bið að heilsa, líftryggja Gunnar í Hlíðarenda að beiðni Hallgerðar langbrókar og tryggja starfsmenn Einars Ben sem ætla að virkja Dettifoss.

Íslensk menning og saga er of bitlaus til að standast kröfur efnahagshrunsins um nýtt myndmál. Það er ekki hægt að vísa í einhverja sameiginlega íslenska arfleifð sem er andvíg gildum góðærisins sem leiddi af sér efnahagshrunið. Við höfum enga. Bara úrsérgengna vinnuvenningu sem gaf af sér flestar vinnustundir per mann í Evrópu, endalausar jákvæðar greiningar viðskipta- og félagsfræðinga á ástandinu, undrun og aðdáun kollega forsetans.

Ekki verður heldur sagt að Alþingi, ríkisstjórn eða dómstólar hafi fundið tækifæri til að breyta orðræðu sinni og myndmáli. Enn má heyra óm hinnar hálf-fasísku möntru góðærisins, „Kraftur, friður, frelsi“, í ræðum stjórnmalamanna. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er að einhverju leyti greining á tímanum þegar þessi söngur ómaði sem hæst – en alls ekki skýr krafa um þöggun hans.

Því við búum enn við öfluga áróðurssmiðju Samtaka atvinnulífsins. Stórum upphæðum er dælt í að bæta ímynd Íslands út á við – hér er ennþá okay að fjárfesta, hér má detta í eina fína reisu; átt hefur sér stað stór sýndarbylting í boði íslenskra almannatengslafyrirtækja með smá daðri við breytingar en eins og í unglingsögu eftir Eðvarð Ingólfs-son er hámarkið kakóbolli með ástinni – engin fullnæging, enginn getnaður, ekki einu sinni öngugar ástarsenur sem enda með rifrildum. Bara kertaljós til að breyta atmóinu örlítið, vísbending um að nú sé eitthvað annað tekið við.

En ekki láta mig trufla ykkur. Ég er bara að fikta í lýsingunni. Skima eftir áhugaverðum skuggamyndum til að festa á blað.

.....

Viðauki II

Leið til affirringar

Að lokum vil ég þakka Fanneyju Sizemore fyrir kápuna, Ólafi Sindra Ólafssyni fyrir umbrotið, Davíð Stefánssyni, Jóni Bjarka Magnússyni og Tómasi Ponzi fyrir að reka á eftir mér, Arngrími Vídalín, Eiríki Erni Norðdahl og Kára Páli Óskarssyni fyrir athugasemdir, Almari Erlingssyni, Arngrími Vídalín, Jóni Bjarka Magnússyni, Kára Páli Óskarssyni, Kristínu Önnu Hermannsdóttur og Oddi Sigurjónssyni fyrir að velja áhugaverðar línur, Kára Páli Óskarssyni fyrir formálann, Eiríki Erni Norðdahl fyrir káputextann, Arngrími Vídalín fyrir prófarkalestur, höfundum allra ljóða sem ég notfærði mér, höfundum og leikmönnum skýrslunnar, öllum sem komu að gerð verkfæra og hugbúnaðar sem ég einhvern veginn notaði, þar á meðal Stefáni Briem sem rekur tungutorg.is, og öllum í Nýhil fyrir að starfrækja enn, þrátt fyrir allt, lítið framsækið höfundaforlag.